



Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. mars 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar - vistvæn opinber innkaup

Tilv. 201903-0003

Bændasamtök Íslands fengu senda til umsagnar tillögu til þingsályktunar um vistvæn opinber innkaup á matvöru, 43. mál, með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis þann 19. febrúar sl. Bændasamtökin hafa farið yfir tillöguna og styðja að hún verði samþykkt.

Samtökin taka undir það sem segir í greinargerð með tillögunni og leggja þunga áherslu á að leitað verði allra leiða til að lágmarka skaðleg áhrif á umhverfi og velferð dýra við framleiðslu og flutning matvöru. Þar spila ríki og sveitarfélög stórt hlutverk og bera ábyrgð. Í ályktun búnaðarþings 2018 um opinber innkaup var samþykkt að því skyldi beint til fjármálaráðuneytis að endurskoða skyldi innkaupastefnu ríkisins og lög um opinber innkaup með það að markmiði að opinberar stofnanir veldu innlend matvæli þar sem því væri við komið. Þannig væri stutt við innlenda matvælaframleiðendur og jafnframt stuðlað að minni losun gróðurhúsalofttegunda vegna innflutnings.

Hjálögð er ályktun Búnaðarþings 2018 um opinber innkaup ásamt greinargerð.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir



Ályktun búnaðarþings 2018 um innkaupastefnu ríkisins:

Búnaðarþing haldið í Reykjavík 5. - 6. mars 2018 beinir því til fjármálaráðuneytis að endurskoða innkaupastefnu ríkisins og lög um opinber innkaup með það að markmiði að opinberar stofnanir skuli velja innlend matvæli þar sem því er við komið. Þannig er stutt við innlenda matvælaframleiðendur og jafnframt stuðlað að minni losun gróðurhúsalofttegunda sem til falla við flutning til landsins. Búnaðarþing telur að ríkið skuli kaupa þær vörur sem hafa hvað minnst umhverfisfótspor.

Greinargerð

Áætlað er að opinberar stofnanir íslenska ríkisins noti um 150 milljarða í innkaup á hverju ári og 300 milljarða ef sveitarfélög eru meðtalin. Matvara er skráð sem fimmti hæsti flokkur í rammSAMningum ríkisins (Ársskýrsla Ríkiskaupa 2013-2015). Í innkaupastefnu ríkisins frá 2002 kemur fram að „*Við innkaup skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. Ef vörur eru sambærilegar að öðru leyti ber að velja þá tegund sem telst síður skaðleg umhverfinu.*”

Árið 2017 voru flutt inn 722 kg af matvælum á hvern Íslending. Kolefnisspor þessa flutnings veldur svipaðri losun gróðurhúsalofttegunda og öll starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur eða um 41.000 tonn af CO₂ á ári (samantekt Bændablaðsins 11. janúar 2018). Þá á eftir að taka inni myndina kolefnisspor vörunnar utan flutningsins til Íslands, þ.e. við framleiðslu og flutning fram að umskipun til Íslands.

Framleiðslukostnaður matvæla er nokkuð hár hér á landi, meðal annars vegna sívaxandi launakostnaðar og þar af leiðandi kostnaðar á aðföngum bænda og ýmis konar þjónustu svo sem eftirlits og dýralæknaþjónustu. Með nýjum tollasamningi við Evrópusambandið er opnað á mjög aukinn innflutning á matvöru næstu 4 árin og eru innfluttar vörur framleiddar undir öðrum og oftar en ekki kostnaðarminni kringumstæðum en við búum við hér á landi. Með aukinni áherslu á innlend matvæli í innkaupastefnu ríkisins er samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar styrkt.